

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.20.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs
Sveinn Arnarson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Ingveldur Tryggvadóttir fundarritari

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 305. fundar

1102055

Fundargerð 305. fundar var frestað til næsta fundar.

2. Dómnefndarálit um hæfi tveggja umsækjenda til að gegna stöðu lektors í lögfræði við HA

1104069

Rektor tók að sér að kynna dómnefndarálitið í fjarveru formanns dómnefndar. Heildarniðurstaða dómnefndarálitsins sýndi að báðir umsækjendur eru hæfir til að gegna auglýstri stöðu lektors. Álitið hefur verið lagt fyrir deildarfund lagadeildar hug- og félagsvísindasviðs og var þar eindregið mælt með því að Krístrún Heimisdóttir yrði ráðin í stöðu lektors. Háskólaráð gerði þá athugasemd við dómnefndarálitið að það teldi umsagnirnar ekki unnar á sambærilegan hátt. Rektor tók að sér að ræða við formann dómnefndar og skýra frá framkomnum athugasemdum.

Háskólaráð studdi tillögur deildarfundar að teknu tilliti til niðurstöðu dómnefndar og umsóknargagna og lagði rektor til að Krístrún Heimisdóttir hlyti starfið. Háskólaráð studdi þá ákvörðun.

3. Stefnumótunarnefnd HA, framhald frá síðasta fundi

1107009

Háskólaráð ræddi þau mál sem æskilegt væri að unnið væri með í væntanlegri stefnumótun, svo sem sérstaða háskólans í norðurslóðamálum, Miðstöð skólaþróunar og þau málefni sem styrkja háskólann í samstarfi opinberra háskóla. Hugmynd kom upp um að skilgreina hlutverk háskólans út frá því að vera háskóli á norðurslóðum og skólaþjónusta í dreifbýli. Þá kom einnig fram að mikilvægt er að leggja áherslu á nemendann og umhyggju fyrir honum.

Ákveðið var að útbúa erindisbréf fyrir stýrinefnd í stefnumótuninni og lagt fram í háskólaráði á fundi í ágúst. Stefnt verði á að stýrinefndin vinni að stefnumótun á

haustinu þannig að drög að stefnu verði tilbúin í nóvember og aðgerðaráætlun í framhaldinu. Endaleg stefna verði tilbúin í janúar 2012.

Stefna Háskólans á Akureyri verður einn af dagskrárliðum háskólafundar í september.

4. Önnur mál

Rektor lagði fram tillögu að svohljóðandi bókun: „Með tilvísan í samþykktir háskólaráðs frá 293. fundi ráðsins 7. júlí 2010 og 299. fundi ráðsins 31. janúar 2011 þá samþykkir háskólaráð að námslínan í orku- og umhverfisfræði sem kennd hefur verið við auðlindadeild á viðskipta- og raunvísindasviði HA verði lögð niður. Ekki hafa verið teknir inn nýnemar á þessa þriggja ára námsleið síðastliðin 2 ár. Stefnt er að því að nemendum verði gert kleyft að ljúka áætluðum þriðja árs námskeiðum eða sambærilegum námskeiðum veturinn 2011-2012.“

Háskólaráð samþykkti bókunina samhljóða en Hjörleifur sat hjá.

Birna María spurði út í framvindu við endurinnleiðingu rannsóknamissera og launaskerðingar sem starfsfólk tók tímabundið á sig.

Rektor segir að verið sé að vinna í málunum en það er gert ráð fyrir 2% niðurskurði á næsta ári. Rektor lagði áherslu á að rannsóknamisseri komist aftur á og að launaskerðing gangi til baka. Verið sé að leita allra leiða til að finna lausn á fjárhagsvandannum og að útvega viðbótarfé, t.d. með því að leita í sameiginlegan sjóð fyrir samstarf opinberu háskólanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.10.